

Borgarbyggð
Póra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 2. mars 2023
UST202301-326/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Niðurskógur Húsafelli - Oddaskógur 3 - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagskipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. janúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Niðurskóga í Borgarbyggð.

Í erindinu kemur fram að breytingin tekur til lóðar við Oddskóg 3 og felur í sér að byggingarreitir lóðarinnar er stækkaður úr 225 m² í 348 m² og er heimilað að reisa eitt frístundahús og eitt aukahús. Innan byggingarreits er heimilað að byggja eitt frístundahús allt að 150 m² og eitt aukahús allt að 45 m². Einnig er gerð breyting á hámarksmanis- og veggghæð sem og á leyfilegum þakhalla. Í erindinu kemur fram að tillagan samræmist aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og nýtur því sérstakrar verndar.¹

Ekki er fjallað um hraunið í gildandi deiliskipulagi, sem er frá árinu 2003 eða breytingunni sem hér er til umfjöllunar, en það er mikilvægt að það komi fram að hraunið falli undir ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga. Einungis er vísað í eldri náttúruverndarlög í gildandi deiliskipulagi.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði um brýna nauðsyn sé uppfyllt.

Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.

Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og áskilur stofnunin sér rétt til umsagnar áður en leyfi er veitt vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur